



## *Orkustofnun gjörir kunnugt:*

að skv. 2. mgr. 9. grein raforkulaga nr. 65/2003 og 12. grein reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum, er

## *Landsneti hf.*

veitt leyfi til að reisa og reka flutningsvirkið

## *Höfuðreiðarmúli - Þeistareykir*

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni og afluð var á umsóknarferlinu og skilyrðum er fram koma í forsendum Orkustofnunar fyrir leyfisveitingunni.

*Orkustofnun, 14. desember 2012*



Guðni A. Jóhannesson  
Orkumálastjóri

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 REYKJAVÍKReykjavík, 14. desember 2012  
Tilvísun: 2012090008/10.5  
Verknúmer: 4123099**Efni: Leyfi fyrir nýju flutningsvirki, Höfuðreiðarmúli - Þeistareykir**


Vísað er til erindis Landsnets hf., dags. 5. september 2012, þar sem óskað var eftir leyfi stofnunarinnar til að reisa nýtt flutningsvirki frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum auk uppsetningar á 66 kV endavirki strengsins á Þeistareykjum. Um er að ræða lagningu 66 kV háspennustrengs frá Kópaskerslínu 1 við Höfuðreiðarmúla að fyrirhuguðu tengivirki á Þeistareykjum.

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 veitir Orkustofnun hér með Landsneti hf. leyfi til að reisa og reka fyrrgreint flutningsvirki frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum með þeim skilyrðum sem fram koma í meðfylgjandi greinargerð, Höfuðreiðarmúli - Þeistareykir; forsendur fyrir leyfisveitingu, dags. 14. desember 2012.

Virðingarfyllst,



Ólafur Egill Jónsson  
lögfræðingur



Erla Björk Þorgeirsdóttir  
verkefnisstjóri - raforkueftirlits

*Fylgiskjöl:*

Greinargerð, dags. 14. desember 2012.

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 2012  
Tilvísun: 2012090008/10.5  
Verknúmer: 4123099

## **Efni: Greinargerð með ákvörðun Orkustofnunar um leyfisveitingu að Þeistareykjum**

### **Lagning 66 kV strengs frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum**

Í eftirfarandi greinargerð Orkustofnunar er gerð grein fyrir forsendum og rökstuðningi stofnunarinnar fyrir leyfisveitingu til þess að leggja 66 kV streng frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum auk uppsetningar á 66 kV endavirkis strengsins á Þeistareykjum.

#### **Umsókn og fylgigögn**

Með erindi, dags. 5. september sl., barst Orkustofnun umsókn Landsnets hf., þar sem með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er sótt um leyfi til að leggja 66 kV streng frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum. Orkustofnun óskaði þann 24. september 2012 eftir frekari gögnum sem leyfisveitingin byggir einnig á þau gögn bárust 1. október 2012.

Umsókninni fylgdi greinargerð fyrirtækisins um framkvæmdina, kostnaðaráætlun og mat á arðsemi fjárfestingar eins og frekar er gerð grein fyrir hér að neðan

#### *Flutningsvirki sem sótt er um leyfi fyrir*

Sótt er um leyfi til þess að leggja 66 kV 11,2 km langan háspennustreng frá Kópaskerslínu 1 við Höfuðreiðarmúla að fyrirhuguðu tengivirki á Þeistareykjum.

#### *Staðsetning raforkuvirkis*

Jarðstrengurinn fer um sveitarfélögin Norðurþing og Þingeyjarsveit og hefur Landsnet haf samráð við sveitarfélögin um verkefnið og fylgir umsókninni kort sem sýnir legu strengsins. Einnig fylgir með umsókninni afstöðumynd fyrirhugaðs endavirkis strengsins á Þeistareykjum, m.t.t. stöðvarhúss. Jarðstrengurinn verður lagður í öxl vegar sem Þeistareykir ehf. eru að leggja á virkjunarsvæðinu.

#### *Aðrar umsóknir eða leyfisveitingar sem tengjast umsókninni*

Sveitarstjórnir Norðurþings og Þingeyjarsveitar hafa veitt framkvæmdaleyfi á grundvelli staðfests skipulags og álits um mat á umhverfisáhrifum.

#### *Skýrsla um undirbúningsvinnu*

Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur verið haft samráð við Þeistareyki ehf. Landsvirkjun, RARIK, Norðurþing og Þingeyjarsveit, auk landeigenda sem málið snertir.

#### *Umhverfismat*

Verkefnið var lögum samkvæmt tilkynnt skipulagsstofnun, sem úrskurðað þann 13. apríl



2012 að framkvæmdin væri ekki umhverfismatsskyld.

#### *Aðrir valkostir*

Ekki þykja aðrir kostir fýsilegir varðandi leiðarval fyrir jarðstreng. Um er að ræða hraunasvæði og aðstæður til strenglagna eru erfiðar. Eina raunhæfa leiðin er að leggja strenginn í öxl vegar, sem Þeistareykir ehf. eru að leggja að virkjunarsvæðinu.

Loflínukostur hefur ekki verið skoðaður, enda er það talinn óraunhæfur kostur vegna truflana af völdum ísingar á loftlínunum á þessu svæði.

#### *Rekstur flutningskerfisins*

Landsnet hefur skoðað ýmsa kosti sem falla að framtíðartengingu Laxárvirkjunar við flutningskerfið og er það niðurstaðan að skynsamlegast muni verða að tengja hana með 66 kV jarðstreng við fyrirhugaða virkjun á Þeistareykjum og nýta núverandi Kópaskerslínu 1, sem hluta af tengingunni. Þessi strenglagn er fyrsti áfangi að því verki.

#### *Framkvæmd og framkvæmdatími:*

Framkvæmdir hófust sumarið 2012 og voru langt komnar, þegar fulltrúi raforkueftirlits fór á staðinn þann 23. október 2012.

#### *Kostnaður við framkvæmd*

Heildarkostnaður við tenginguna er 326 m.kr sem skiptist í 265 m.kr. fyrir jarðstrenginn og 61 mkr. fyrir tengivirkin. Gert er ráð fyrir að Þeistareykir ehf. greiði þann hluta kostnaðarins, sem svarar til kostnaðar við lagningu 11 kV strengs, þá leið sem um ræðir. Sá kostnaður er áætlaður 79 m.kr.

#### **Niðurstaða Orkustofnunar**

Eftir ítarlega skoðun á þeim gögnum sem Landsnet hefur lagt fram með umsókn sinni veitir Orkustofnun, með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, hér með fyrirtækinu leyfi til byggingar flutningsvirkis sem felur í sér lagningu á 11,2 kílómetra af 66 kV jarðstreng frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem mælt fyrir um í lögum. Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra

  
Ólafur Egill Jónsson  
lögfræðingur

  
Erla Björk Þorgeirsdóttir  
verkefnisstjóri - raforkueftirlits